

Um víða veröld

Heimsálfur

Hilmar Egill Sveinbjörnsson

Námsgagnastofnun 2012



Útdráttur og aðlögun f. erlenda nemendur

Helga Hauksdóttir

fræðslusviði Akureyrar 2017

Nafn _____

Hvað er landafræði? /What is geography?

Það er hægt að skipta landafræði í tvennt:

- ✚ Náttúrulega landafræði er um það hvernig landið lítur út, hvernig gróðurinn er, jarðvegurinn og landmótun.
- ✚ Mannvistarlandafræði er um það hvernig maðurinn byggir og notar jörðina, félagslega og efnahagslega þróun staða og svæða.

Í landafræði er líka rætt um náttúruauðlindir og hvernig maðurinn nýtir þær og um fólksfjölda, fólksflutninga og fjölbreytileika mannlífsins.


Ef við kunnum eitthvað í landafræði hjálpar það okkur til að skilja margt af því sem er að gerast í heiminum. Í landafræðinni er líka bent á samspil manns og náttúru og það hlutverk okkar að gæta náttúrunnar fyrir framtíðina.



Áttir heimsins / the directions

Þegar við tölum um landafræði tölum við oft um áttirnar í heiminum. Höfuðáttirnar eru fjórar: norður, suður, austur og vestur. **Merktu þær inn á kortið.**

Svo getum við fundið fleiri áttir sem eru á milli þeirra.



Náttúruauðlindir /natural resources

Auðlind er eitthvað sem maðurinn hefur gagn af á einhvern hátt:

- ✚ Til þess að fá eitthvað að borða, t.d. fiskur í sjónum og frjósamur jarðvegur þar sem við getum ræktað korn, grænmeti, ávexti og gras handa dýrum sem gefa okkur kjöt og mjólk.
- ✚ Við þurfum auðlindir til að fá orku. Það eru t.d. kol, olía, jarðgas, sól, vindur og vatnsföll.
- ✚ Málmar í jörðu eru líka auðlindir. Úr þeim getum við smíðað skip, bíla og flugvélar.
- ✚ Þekking getur líka verið auðlind og með þekkingu sköpum við atvinnu og fáum peninga.

Það er hægt að skipta auðlindum í þrennt:

- ✚ Þær sem endurnýjast ekki og við getum klárað, t.d. kol, olía, gas og málmar
- ✚ Þær sem endurnýjast alltaf stöðugt, t.d. vindur, sól, sjávarföll.
- ✚ Þær sem endurnýjast ef við notum þær ekki of mikið. Það á t.d. við fisk, trjárækt og skógarhögg.

Heimsálfur/ the continents

Heimsálfurnar eru sjö. Asía er stærst og síðan koma Afríka, Norður-Ameríka, Suður-Ameríka, Suðurskautslandið (Antarktika), Evrópa og Eyjaálfa sem er minnst.

Höf þekja um 71% af yfirborði jarðarinnar og heimsálfurnar sjö ná samanlagt yfir 29% af yfirborði jarðar.

Meginland er mjög stórt landsvæði umkringgt sjó. Meginland er miklu stærra en eyja. Hver heimsálfa telst vera meginland – en Evrópa og Asía eru fastar saman (skoðaðu kortið á bls. 6) og þess vegna eru þær eitt meginland.

Lífnaðarhættir fólks eru mjög ólíkir eftir því hvar það býr á jörðinni. Lífnaðarhættir tengjast loftslagi, hvort það er heitt eða kalt og eftir því hvort löndin eru rík eða fátæk. Lífnaðarhættir geta líka farið eftir því hvernig löndum er stjórnað, trúarbrögðum o.fl.

Þar sem fólk býr nálægt sjó er auðvelt að veiða fisk og þar sem er mikið af trjám er auðvelt að búa til ýmislegt er trjám, t.d. pappir, húsgögn o.fl.



Ríkir og fátækir/ Some are rich, other poor

Stór hluti mannkyns býr við fátækt. Margir eiga ekki heimili, föt og mat. Margt fólk vantar hreint vatn til að drekka, börn geta ekki gengið í skóla og það eru ekki til góð sjúkrahús fyrir þá sem eru veikir.

Í ríkum löndum eiga margir mikla peninga. Þar eru oftast góðir skólar og góð sjúkrahús. Í flestum ríkum löndum er líka hægt að finna fólk sem á ekki mikla peninga.

Þar sem löndum er ekki vel stjórnað og þar sem hefur verið stríð lengi er fólk oft mjög fátækt.

Ríkustu lönd heimsins eru í Evrópu, Norður-Ameríku, Ástralíu og austast í Asíu, t.d. í Japan.

Fátækustu lönd heimsins eru flest í Afríku og Asíu.

Talið er að um 20% af jarðarþúum noti um 80% af auðlindum jarðar. Hverjir skyldu það vera? Er slík skipting réttlát?



Gróður sem vex í löndum heimsins er mjög misjafn. Það fer eftir því hvort hann vex í hita eða kulda, hvort það er þurrt eða mikil rigning og hvort landið er hálent eða láglent.

Helstu gróðurbelti í heiminum eru:

- ✚ Freðmýrar og fjallagróður - túndra
- ✚ Skógar – regnskógar, barrskógar og laufskógar
- ✚ Grassléttur – steppur og savannagróður
- ✚ Eyðimerkur
- ✚ Jökull - ís

Stærstu freðmýrarnar eru í Norður-Kanada og í Rússlandi.

Skógum jarðar er skipt í barrskóga, laufskóga og hitabeltisregnskóga. Barrskógarnir eru í norðurhluta heimsins, laufskógarnir sunnar og hitabeltisregnskógar eru í kringum miðbaug, í Afríku og Suður-Ameríku.

Verkefni/practice

Tengdu saman orð og mynd um gróðurfar

eyðimörk



laufskógur



barrskógur




hitabeltisregnskógur



túndra – fjallagróður



Gróðurbelti jarðar



Tropical forest = _____ desert = _____

Coniferous forest _____ broadleaf forest = _____

Horfðu á kortið og skoðaðu gróðurbeltin

Í hvaða gróðurbelti er Indland? _____

Í hvaða gróðurbelti er Ísland? _____

Hvaða gróðurbelti er **stærst** (biggest) í Ástralíu?

Hvar eru tvö (2) stærstu regnskógasvæði á jörðinni?

Krossaðu (x) við þær auðlindir sem eru á Íslandi:

_____ olía

_____ vatnsorka

_____ gas

_____ vindorka


Í barrskógabeltinu er mikið skógarhögg (felling trees to make timber-logging).

Hvað er hægt að búa til úr timbri?

Áttirnar /directions

Merktu áttirnar inn á myndina hér fyrir neðan:

(norður – norðaustur – norðvestur – suðvestur – suðaustur – suður - austur – vestur)



Tengdu saman **andheiti**:

ríkur

vetur

norður

austur

kaldur

suður

vestur

fátækur

sumar

hlýr

Fólksfjöldi /population

Fjölmennustu ríki heims eru þessi:

	World	7,256,490,011
1.	China	1,367,485,388
2.	India	1,251,695,584
3.	United States	321,368,864
4.	Indonesia	255,993,674
5.	Brazil	204,259,812
6.	Pakistan	199,085,847
7.	Nigeria	181,562,056
8.	Bangladesh	168,957,745
9.	Russia	142,423,773
10.	Japan	126,919,659
11.	Mexico	121,736,809
12.	Philippines	100,998,376
13.	Ethiopia	99,465,819
14.	Vietnam	94,348,835
15.	Egypt	88,487,396
16.	Iran	81,824,270
17.	Germany	80,854,408
18.	Turkey	79,414,269
19.	Congo, Dem. Rep.	79,375,136
20.	Thailand	67,976,405

(<http://www.infoplease.com/world/statistics/most-populous-countries.html>)


Farðu á netið og finndu hvað margir búa á Íslandi
(google: population of Iceland).

Ísland: _____

Google: Population of your home country

_____:

Life expectancy at birth, females, medium projection, 2015-2020



Í hvaða heimsálfum (e. continent) lifir fólk lengst? _____

Í hvaða heimsálfu lifir fólk styst? _____

Mannréttindi/human rights

(bls. 18)

Það er mikilvægt að allir búi við lágmarks mannréttindi. Í sumum löndum heims er þó ekki farið eftir mannréttindasáttmálum.

Mörg alþjóðleg samtök berjast fyrir mannréttindum. Það eru t.d. Amnesty International og Sameinuðu þjóðirnar.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var sett fram árið 1948 og eftir það fóru fleiri þjóðir að hugsa um mannréttindi og vildu auka þau.

Mannréttindi hafa þróast og batnað frá árinu 1948.

Fyrst var lögð áhersla á grundvallarréttindi eins og að allir menn fæðast frjálsir og hafa skoðanafrelsi. Engum á að mismuna vegna kynferðis, litarháttar eða trúar.

Síðan komu aðrir áhersluþættir. Það eru t.d. réttur til menntunar, húsnæðis, heilbrigðisþjónustu og mannsæmandi lífsskilyrða.

Núna er einnig barist fyrir réttindum komandi kynslóða þannig að í framtíðinni geti fólk búið við óspillta náttúru og frið í heiminum.



Dæmi um mannréttindabrot er **mansal (e. human trafficking)**

Þá er fólk (konur, karlar eða börn) selt í hagnaðarskyni. Sumir eru látnir vinna en aðrir eru seldir í vændi eða kynlífsprælkun.

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna

<http://www.un.org/sustainabledevelopment>

Árið 2000 var samþykkt á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að á 21. öldinni ætti samvinna þjóða heimsins að snúast um frelsi, jafnrétti, samstöðu, umburðarlyndi, virðingu fyrir náttúrunni og samábyrgð.

Sameinuðu þjóðirnar settu sér líka átta (8) markmið sem eru kölluð þúsaldarmarkmiðn. Ef allar þjóðir reyna að fara eftir þessum átta markmiðum verður heimurinn vonandi betri staður til að búa í fyrir alla.



1. Útrýma sárustu fátækt og hungri
2. Tryggja öllum börnum grunnskólamenntun
3. Vinna að jafnrétti og efla frumkvæðisrétt kvenna
4. Draga úr barnadauða
5. Bæta heilsu mæðra
6. Berjast gegn alnæmi, malaríu og öðrum sjúkdómum
7. Tryggja sjálfbæra þróun
8. Styrkja hnattræna samvinnu um þróun

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna kveður á um réttindi allra barna. Hann er til á mörgum tungumálum.
Skoðaðu hann á arabísku á netinu: <http://www.boes.org/un/araun-b.html>

Skoðaðu Barnasáttmálann á tailensku:
<http://www.unicef.org/magic/media/documents/CRC Thai language version.pdf>



Höfum við nóg af vatni og mat?

(bls. 20)

Vatn er eitt mikilvægasta efni á jörðinni og enginn getur lifað án vatns. Fólk hefur alltaf valið sér staði til að búa á, þar sem nóg er af hreinu vatni. Við þurfum vatn til að lifa, við þurfum að gefa dýrum vatn og það þarf að vökva gróðurinn.

Á Íslandi erum við mjög heppin. Við höfum mikið af hreinu vatni og það er mikil úrkoma. Á mörgum stöðum í heiminum rignir mjög lítið og þar vantar vatn. Margar milljónir fólks deyja vegna skorts á hreinu vatni og stærstur hluti þeirra eru börn undir 5 ára aldri.


Matur eru nauðsynlegur til að lifa. Matarvenjur eru ólíkar í heiminum og fara eftir því hvað er hægt að rækta eða hvað er hægt að veiða á hverjum stað. Til dæmis þarf að vera heitt og rakt þar sem hrísgrjón eru ræktuð en best er að rækta kartöflur þar sem er svalt og rakt, t.d. á Íslandi.

Meira en milljarður manns, 1/6 hluti jarðarbúa fær ekki nógan mat daglega. Margir búa við hungur og eru alltaf svangir.



Þetta þarf ekki að vera svona. Í heiminum er framleitt nóg af mat handa öllum. Á vesturlöndum er miklum mat fleygt á meðan enginn matur er til annars staðar.



Til hvers þurfum við vatn? Teiknaðu myndir / skrifaðu allt sem þér dettur í hug.



Hringrás vatnsins – the water cycle



Til hvers notar þú vatn?



1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. _____

6. _____

7. _____

8. _____

Þjóð, menning og tungumál / Nations, culture and language

(bls. 22-23)

Hvað er þjóð? Ef við segjum að tungumál, saga, menning og trú sameini hópa og geri þá að þjóð er talið að þjóðir heims séu þrjú til fimm þúsund.

Stundum er reynt að sameina ólíka þjóðfélagshópa innan landamæra ríkis. Stundum tekst það vel en stundum tekst það alls ekki eða mjög illa, svo að fólk er í stöðugum ófriði.

Menning er það sem við gerum og sköpum og er hluti af daglegu lífi okkar. Það er til dæmis tungumálið sem við tölum, trúarbrögð okkar, maturinn sem við borðum, tónlistin sem við hlustum á, fatatíska, bækur sem við lesum, íþróttir sem við stundum o.s.frv.

Tungumál í heiminum eru um 6.900. Flestir tala kínversku eða um einn af hverjum fimm jarðarbúum. Margar ólíkar mállýskur teljast til kínversku. Kínverska ritmálið er táknmál. Næst flestir tala ensku sem er útbreidd víða um heim. Arabíska er 7. Algengasta tungumál heimsins.

中文



What is culture? Find what these words mean in icelandic!

Languages of the World

North America (excluding Mexico)

English	70%
Spanish	9%
French	3%
Chinese	1%
Other	17%

Latin America

Spanish	58%
Portuguese	33%
Creole	2%
English	1%
Other	6%

Europe

(including Russia & Turkey)

Russian	22%
German	12%
Turkish	9%
English	8%
Italian	8%
French	8%
Polish	6%
Spanish	6%
Ukrainian	4%
Other	17%

Asia & Pacific

Chinese	34%
Hindustani	12%
Bengali	8%
Indonesian	6%
Japanese	3%
Punjabi	3%
Other	34%

Africa

Arabic	17%
Swahili	8%
French	6%
English	4%
Kwa	4%
Hausa	3%
Other	58%



Skillguru
CENTRE FOR LIFE SKILLS


304, Sirisampada Hi-Tech Complex, Kavuri Hills, Jubilee Hills Post, Hyderabad 500033

+91 40 11 11 11

E-mail: info@skillguru.com

www.skillguru.com

Trúarbrögð heims



Margt er sameiginlegt með trúarbrögðum heims

Í gegnum aldirnar hafa trúarbrögð haft mikil áhrif á hugsanir, gerðir og reynslu mannkyns. Hjá mörgum er trúin mjög mikilvægur þáttur í lífinu en hjá öðrum er hún frekar siðvenja. Öðrum finnst trúin stangast á við lífið og þróun mannlegrar tilvistar.

Í mörgum trúarbrögðum og siðakerfum er áhersla á að allir eigi að koma vel fram við aðra. Þessi regla hefur oft verið kölluð „gullna reglan“ og er svona:

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Þessi regla hvetur fólk til að setja sig í spor annarra og stuðlar að manngæsku, heiðarleika og trausti.

Tákn nokkurra trúarbragða heimsins



Paraðu saman tákn og nöfn á trúarbrögðum



Buddismi


Gyðingdómur

Islam

Kristni

Hindúismi

Evrópa



1. _____

2. _____

3. _____

4. _____

5. _____

6. _____

7. _____

8. _____

9. _____

10. _____

11. _____

12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____
19. _____
20. _____
21. _____
22. _____
23. _____
24. _____
25. _____
26. _____
27. _____
28. _____
29. _____
30. _____
31. _____
32. _____
33. _____

Evrópa

Evrópa er í rauninni stór skagi sem gengur út úr Asíu til vesturs.

Norður og suðurhluti Evrópu eru fjöllóttir og hálendir en miðhlutinn er láglendur og gróðursæll.

Þrír stærstu skagar Evrópu eru Skandinavíuskagi í norðurhlutanum og Íberíuskagi og Balkanskagi í suðurhlutanum. Hæstu fjöll Evrópu eru í Alpafjöllunum á landamærum Sviss og Ítalíu.


Margar stórar eyjar teljast til Evrópu, t.d. Ísland, Írland og Bretland. Í Miðjarðarhafi eru líka margar eyjar, t.d. Kýpur, Krít, Sardinía, Korsíka og Sikiley.

Í Evrópu er bæði **úthafsloftslag** og **meginlandsloftslag** ríkjandi. Í löndum sem liggja að sjó er oftast úthafsloftslag. Þá eru sumrin svöl og veturnir mildir. Þar sem lönd liggja fjarri sjó er meginlandsloftslag. Þá eru sumrin heit og veturnir kaldir.

Hlýr straumur í Atlantshafi heitir **Golfstraumur**. Hann kemur með hlýjan sjó að Íslandi og þess vegna er ekki mjög kalt hjá okkur þó að landið sé norður við heimskaupsbaug.

Hvar eiga þessir staðir heima í Evrópu?
Gerðu strik á rétta staði.

Íberíuskagi	Balkanskagi	Skandinavíuskagi
Bretland	Síkiley	Írland
Alpafjöll	Þýskaland	Spánn



Norðurlönd/ Scandinavia

Löndin á Skandinavíuskaga, Danmörk, Ísland og Færeyjar eru frændþjóðir. Þessar þjóðir hafa mikla samvinnu sín á milli og Íslendingar fara oft í háskólanám eða vinnu til annarra Norðurlanda.

Fyrsti landsnámsmaður Íslands, Ingólfur Arnarson, kom frá Noregi árið 874. Danmörk réð einnig lengi yfir Íslandi, þangað til það varð sjálfstætt ríki, árið 1944.

Þjóðhöfðingjar Íslands og Finnlands eru forsetar en Danmörk, Noregur og Svíþjóð eru konungsríki, þar sem annað hvort er kóngur eða drottning. Þjóðhöfðingjar allra landanna eru nær valdalausir og þjóðkjörið þing og ríkisstjórn fara með völdin.

Tengdu nöfnin við kortið:

Danmörk


Finnland

Færeyjar

Ísland

Noregur

Svíþjóð



Lönd og höfuðborgir – tengdu saman

Norðurlöndin

Danmörk	Þórshöfn
Finnland	Reykjavík
Færeyjar	Helsinki (Helsingfors)
Ísland	Kaupmannahöfn
Noregur	Stokkhólmur
Svíþjóð	Osló

Tengdu saman:

Eyja	Skandinavíuskagi
Höfuðborg	Finnland
Skagi	Írland
Náttúruauðlind	París
Barrskógabelti	olía

Villt dýr í Evrópu

úlfur



elgur



villisvín



skógarbjörn



hreindýr



gaupa



Atvinnuvegir og náttúruauðlindir

Evrópa er auðug af náttúruauðlindum. Þar má sérstaklega nefna:

- ✚ Frjósamt land til að rækta, (akuryrkja og kvikfjárrækt)
- ✚ Skógur til að höggva
- ✚ Fiskimið
- ✚ Olía og gas í Norðursjó
- ✚ Járn og kol í jörðu

Í norðurhluta Evrópu er mikið um kvikfjárrækt og skógrækt. Í suðurhlutanum er ræktun grænmetis og ávaxta algeng. Þar sem lönd liggja að sjó eru fiskveiðar mikilvæg atvinnugrein.

Hátækni iðnaður er mikill í Evrópu. Þar er einnig bílaiðnaður í mögum löndum.

Lífskjör í Vestur-Evrópu eru almennt eins og best gerist í heiminum. Í Austur-Evrópu eru lífskjör almennt verri. Í öllum löndum er þó að finna fólk sem ekki hefur atvinnu og býr við lélegar aðstæður.

Margar bílategundir eru framleiddar í Evrópu.

Tengdu saman bíla og löndin þar sem þeir eru framleiddir



Svíþjóð

Þýskaland



Frakkland

Ítalía



Asía



Hvaða lönd eru í suð-austur Asíu / what countries do you find in southeast Asia?

Stærsta og fjölmennasta heimsálfan

Asía er stærsta og fjölmennasta heimsálfan. Hún er á sama meginlandi og Evrópa og Rússland tilheyrir bæði Evrópu (1/4) og Asíu (3/4).

Í Asíu búa um 2/3 hlutar mannkyns. Þar eru fjölmennustu ríki heims, Indland og Kína. Í Kína búa um 20% íbúa jarðar og litlu færri í Indlandi.

Í Asíu er hæsti fjallgarður í heimi, Himalajafjöllin. Himalaja er nepalskt nafn og þar þýðir him = snjór og laja = heimur. Himalaja þýðir þá „snjóheimur“.

Norðan við Himalajafjöll er hæsta og stærsta háslétta jarðar, Tíbet-hásléttan. Hún er oft nefnd „þak heimsins“.

Á landamærum Indlands, Afganistan, Pakistan og Kína er næsthæsti tindur í heimi. Hann heitir K2 og er 8611 metra hár. Margir hafa klifið hæstu tinda heims og margir hafa dáið á leiðinni.

Hæsta fjall í heimi er í Himalajafjöllum. Það er Everest, 8848 metrar á hæð.

Næsthæsti tindur heims: K2



Andstæður / contrasts

Í Asíu er mikill munur á lífsgæðum fólks. Sum lönd eru rík, t.d. Japan og Singapúr en önnur eru mjög fátæk, t.d. Bangladess og Nepal.

Í stórum löndum eins og Indlandi er bæði hægt að finna mikla fátækt og ríkidæmi. Sums staðar er svo mikil örtröð að fólk kemst ekki fyrir í lestunum og klifrar þá upp á þak eða hangir utan á hliðunum. Það er mjög hættulegt og margir slasast og deyja þegar þeir reyna að ferðast á þann hátt. Annars staðar getum við séð lestasamgöngur með nýtísku hraðlestum eins og við þekkjum.



Menntun og vinna barna / education and children's work

Í löndum þar sem líf skjör eru góð fá börn góða menntun en þar sem er fátækt er skólaganga lítil og mörg börn þurfa að vinna mikið til að hjálpa foreldrum sínum. Þar er heilbrigðiskerfi víða bágborið og ólæsi mikið.

Börn eru oft ódýrt vinnuafli og í fata- og skóverksmiðjum víða í Austur-Asíu vinna börn fyrir mjög lág laun við að framleiða tískuföt sem síðan eru seld í Evrópu og Bandaríkjunum. Þar eru einnig settar saman tölvur og aðrir hátæknihlutir sem fólk í vestrænu neyslusamfélagi kaupir.

Næst þegar þú kaupir eitthvað sem er ótrúlega ódýrt skaltu hugsa um hvað verkamaðurinn sem bjó til vöruna hafi fengið í laun.



Landbúnaður og iðnaður / agriculture and industry

Landbúnaður er aðalatvinnugrein flestra landa í Asíu. Allar greinar landbúnaðar eru stundaðar. Í Síberíu, í norðri, er skógarhögg, víða er kvikfjárrækt og í suðausturhluta Asíu þar sem er heitt og rakt er ræktað kaffi, te, kókoshnetur, sykurreyr og fleira sem þarfnast hitabeltisloftslags.

Fleiri og fleiri vinna við iðnað. Allir kannast t.d. við japanska bíla sem eru framleiddir í tæknivæddum bílaverksmiðjum. Skipasmíðar eru einnig mikilvæg atvinnugrein í tæknivæddum löndum Asíu. Í ríkjum Persaflóa er mikill olíuiðnaður. Þar sem iðnþróun og borgarvæðing er komin lengst er góð þjónusta, gott samgöngukerfi og góð menntun í boði.



Trúarbrögð í Asíu

Buddistar fylgja heimspekikenningum Buddha en hann var indverskur prins sem var uppi um 6 öldum fyrir krist. Buddha byggði kenningar sínar á hinduisma.

Budda þýðir „hinn upplýsti“ og Buddistar reyna að verða eitt með almættinu.

Margir Buddistar stunda hugleiðslu og yoga og gerast munkar eða nunnur einhvern tímann á lífsleiðinni.

Buddismi er mjög algengur í Suð-austur Asíu, t.d. í Tailandi.



Hindúismi er elstur af algengum trúarbrögðum nútímans. Langflestir hindúar eru á Indlandi en einnig í Pakistan og Búrma. Helstu guðir hindúa eru Shiva og Vishnu. Hindúar skiptast í fjórar virðingastéttir og áður fyrr var mjög erfitt að komast úr þeirri stétt sem einstaklingur var fæddur inn í.

Hindúar trúa því að ef þeir eru góðir í þessu lífi muni þeir endurfæðast í næstu stétt fyrir ofan.

Helgasti staður hindúa er hið heilaga Gangesfljót í Norður-Indlandi. Ef fólk baðar sig þar getur það hreinsað af sér syndir. Hindúar stunda mikið jóga og hugleiðslu.



Islam eru yngstu trúarbrögðin sem teljast með þeim útbreiddustu. Múhameð, stofnandi islamstrúar, fæddist árið 570 í Mekka og dó árið 632 í Medínu.

Múhameð fékk boð frá engli um að hann ætti að boða islamstrú sem byggir að mestu leyti á því að Allah sé hinn eini guð.

Helgirit muslima er kóraninn. Hinar fimm stoðir islamskrar trúar eru:

- Trúarjátningin
- Bænin
- Ölmusan
- Fastan
- Pílagrímsförin.


Islam eru næstfjölmennustu trúarbrögð í heimi og fjölmennust í vestanverðri Asíu, á Arabíuskaga og í norðurhluta Afríku.



Keisarinna Shah Jahan lét byggja grafhýsið Taj Mahal til minningar um eftirlætis eiginkonu sína, Mumtaz Mahal. Grafhýsið var reist á árunum 1630-1653 og er eitt þekktasta verkið í íslamskri byggingarlist.

Margir ferðamenn heimsækja Taj Mahal en það er við borgina Agra á Norður-Indlandi.

Afríka



Finndu nöfn á löndum í Afríku. Þú þarft ekki að finna öll nöfnin ☺

1 _____ 2 _____

3 _____ 4 _____

5 _____ 6 _____

7 _____ 8 _____

9 _____ 10 _____

11 _____ 12 _____

13 _____ 14 _____

15 _____ 16 _____

17 _____ 18 _____

19 _____ 20 _____

21 _____ 22 _____

23 _____ 24 _____

25 _____ 26 _____

27 _____ 28 _____

29 _____ 30 _____

31 _____ 31 _____

32 _____ 33 _____

34 _____ 35 _____

36 _____ 37 _____

38 _____ 39 _____

40 _____ 41 _____

42 _____ 43 _____

44 _____ 45 _____

46 _____ 47 _____

48 _____ 49 _____

50 _____

Kilimanjaro





Sahara



úlfaldi

Níl

Áin Níl er oftast talin lengsta á (fljót) í heimi, um 6650 km að lengd. Upptök Nílar eru í tveimur ám, Hvítu Níl sem á upptök í Viktoríuvatni í Úganda og Bláu Níl sem á upptök í Tanavatni í Eþíópíu. Þær koma saman í Súdan og renna um Egyptaland, til sjávar í Miðjarðarhaf.

Nílardalur í Egyptalandi er mjög frjósamur og góður til ræktunar af því að Níl bar með sér frjósaman framburð niður í dalinn. Nú er framburðurinn orðinn minni af því að það er búið að byggja stóra stíflu í ánni, Aswan stífluna. Fyrir ofan stífluna myndaðist eitt stærsta uppistöðulón í heimi, Nasservatn, og í það fellur mestur hluti af framburði árinna.

Þó að framburður Nílar hafi minnkað með stíflunni, skapaði hún meira land undir ræktun og hún skapar líka raforku fyrir sveitirnar í kring. Þannig fylgdu stíflunni bæði kostir og gallar.

Níl, Nasservatn og Aswan stíflan



Veði í Nasser vatni

Leið Nílar til sjávar



Krókódill



Aswan stíflan



Bátur á Níl

Tengdu saman/connect:

Kilimanjaro

Þekkt grafhýsi við Agra á Indlandi

Everest

Indverskur prins

Taj Mahal

Hæsta fjall Afríku

Buddha

Stærsta eyðimörk í heimi

Níl

Hæsta fjall í heimi, í Himalaja

Sahara

Er stór eyja austur af Afríku

Peking (Beijing)

Lengsta fljót (á) í heimi og rennur í Miðjarðarhaf.

Tailand

Höfuðborg Kína

Madagaskar

Er land í suð-austur Asíu

Fjölbreytt heimsálfa

Menn hafa búið lengur í Afríku en nokkurs staðar annars staðar í heiminum og frá Afríku breiddist nútímamaðurinn um heimsbyggðina.

Í Afríku búa margar og ólíkar þjóðir. Í Norður-Afríku búa m.a. arabar og þar er islam útbreidd trú. Sunnan við Sahara eyðimörkina eru íbúar þeldökkir og þar búa margir þjóðflokkar sem hafa ýmis trúarbrögð, t.d. islam, kristni og andatrú.

Náttúruauðlindir

Í suðurhluta Afríku hefur fundist mikið af eðalsteinum og gulli. Næstum helmingur af öllu gulli í heiminum kemur frá Suður-Afríku og þaðan koma líka demantar og aðrir dýrir steinar.

Olía eru unnin úr jörðu í Alsír, Líbíu og Nígíríu. Í Sambíu eru bæði koparnámur og kol.

Þar sem jarðvegur er góður, t.d. í austurhluta Afríku eru ræktaðar verðmætar útflutningsvörur, t.d. kaffi, te, kakó, bananar, hnetur o.fl.



Atvinnuhættir

Landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður

Meira en helmingur af öllum íbúum í Afríku vinnur við landbúnað. Flestir eru með lítil bú og rækta aðeins fyrir sjálfa sig og fjölskyldu sína. Þeir rækta korn og eiga einnig húsdýr eins og hænur, svín og kannski nokkrar kýr.

Margir bændur eiga fá verkfæri og í stað þess að nota dráttarvélar nota bændur plóg, skóflur og önnur handverkfæri.

Þeir sem búa nálægt sjó eða vötnum leggja net og veiða fisk fyrir sig og fjölskyldur sínar. Góð fiskimið eru líka úti fyrir ströndum Afríku.



Iðnaður er ekki mjög mikill í Afríku. Hann er mestur í löndunum í norðurhlutanum þar sem er olíuvinnsla og vefnaður og í Suður-Afríku þar sem eru málmar í jörðu og námuvinnsla. Í Suður-Afríku er stál og vélaiðnaður og þar eru skipasmíðar og skipaviðgerðir mikilvæg atvinnugrein.

Dýralíf og þjóðgarðar / wildlife and national parks

Margir ferðamenn fara til Afríku til að skoða fallega náttúru og heimsækja verndarsvæði villtra dýra.

Þjóðgarðar í Afríku stuðla að því að vernda villt dýr sem gætu verið í útrýmingarhættu. Veiðipjófar vilja t.d. ná í horn nashyrninga og fílabein. Eftir því sem fólki fjölgar verður minna pláss fyrir villt dýr. Þess vegna eru nú stórir þjóðgarðar þar sem passað er upp á dýrin og umhverfi þeirra.



Aðskilnaðarstefnan og Nelson Mandela /Apartheid and Mandela

Á 17. öld fluttu margir Evrópumenn til Suður-Afríku sem var mikilvægur staður vegna siglinga milli Asíu og Evrópu með vörur. Hollendingar og Bretar voru fjölmennir og smám saman hröktu þeir innfædda íbúa í burtu.

Þeir vildu aðskilja innfædda alveg frá Evrópubúum og þessi stefna var kölluð **apartheit**. Innfæddir máttu ekki vera á sömu stöðum og Evrópubúar, ekki nota sömu lyftur, strætisvagna eða lestir.

Nelson Mandela barðist á móti aðskilnaðarstefnunni og sat í fangelsi í 27 ár vegna baráttu sinnar fyrir því að innfæddir mættu vera á sömu opinberu stöðum og hvítir.

Nelson Mandela var fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku og hann fékk friðarverðlaun Nóbels fyrir að berjast fyrir jafnrétti og friði í landi sínu.



Búum til betri heim ... Let's make a better world...

Á meðan Nelson Mandela sat í fangelsi barst boðskapurinn um mikilvægi jafnréttis og frelsis áfram um heiminn og smám saman náðist árangur.

Margir bentu á óréttlæti og aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku.

Árið 1984 var lag sem nefndist „Free Nelson Mandela“ á top10 vinsældarlistanum í Bretlandi. Það var hljómsveitin English ska-punk band (the Special AKA) sem flutti þetta lag til að styðja baráttu Mandela. Jerry Dammers stofnaði þessa fjölþjóðlegu hljómsveit og samdi lagið sem ennþá er frægt og þekkt víða um heim. Boðskapur þess minnir okkur enn á óréttlæti og kynþáttaaðskilnaðarstefnu sem hefur ríkt um allan heim.

Hlustaðu á lagið á YouTube: <https://www.youtube.com/watch?v=AgcTvoWjZJU>



Norður-Ameríka



Norður-Ameríka

Norður-Ameríka er þriðja stærsta heimsálfan. Til Norður-Ameríku teljast stór landsvæði eins og Alaska og Kanada í norðri, Bandaríkin sem eru 50 talsins og lönd Mið-Ameríku sem tengja Norður- og Suður-Ameríku.

Auk þess teljast stórar eyjar til Norður-Ameríku, t.d. Grænland sem er stærsta eyja í heimi og telst landfræðilega til Ameríku en tilheyrir Danmörku stjórnmálalega. Stórar eyjar í Karíbahafi tilheyra líka Norður-Ameríku, t.d. Kúba og Hispaníola.

Vötn og ár /lakes and rivers

Á landamærum Kanada og Bandaríkjanna eru Vötnin miklu. Þau eru stærstu ferskvatns stöðuvatnakerfi í heimi. Vötnin eru fimm og stærst er Superiorvatn og síðan Michiganvatn. Við vötnin miklu eru hinir frægu Niagarafossar.

Lengsta fljót álfunnar er Mississippi sem er ekki mikið styttri en Níl. Mississippi fellur til sjávar í Mexíkóflóa.



Niagarafossar



Mississippi

Náttúrufar

Norður-Ameríka er svo stór að hún nær yfir öll loftslagsbelti jarðar og þar er mjög fjölbreytt náttúrufar. Nyrst eru tundra og freðmýrar (t.d. í Alaska og nyrst í Kanada), síðan taka við barrskógar í Kanada og síðan gresjur og laufskógar í Bandaríkjunum. Syðst má svo finna eyðimerkur og regnskóga.

Nú er búið að fella mest af laufskógunum og í stað þeirra eru komnir miklir akkrar og ræktað land (skoðaðu kortið um gróðurbelti hér að framan).

Í Kanada og Bandaríkjunum er löng hefð fyrir lýðræði eða allt frá stofnun Bandaríkjanna árið 1776. Stærstu ríkin, Kanada, Bandaríkin og Mexíkó eru sambandsríki sem merkir að pólitískt vald er að hluta til hjá hverju einstöku ríki og að hluta til hjá sameiginlegri ríkisstjórn.

Stjórnarfar Mið-Ameríku, sem er sunnan við Bandaríkin hefur lengi einkennst af ólgu, uppreisnun og einræðisherrum við völd. Þetta hefur þó breyst síðustu ár og lýðræði er að festa sig betur í sessi.

Lífskjör í Kanada og Bandaríkjunum er með þeim bestu í heimi en nágrannar þeirra í Mið-Ameríku og Suður-Ameríku búa við miklu verri kjör.

Í stórborgum Bandaríkjanna má alls staðar finna fátækt og fátækrahverfi, þannig að ríkidæminu er misskipt.



New York


Atvinnuhættir

Miklar náttúruauðlindir eru í Kanada og Bandaríkjunum. Þar er mikið og frjósamt land og ein mesta kornrækt í heiminum og einnig er mikið um kvikfjárrækt, t.d. nautgriparrækt. Stórar vélar eru notaðar við landbúnað og þess vegna vinna tiltölulega fáir við landbúnaðarstörf. Mikið er notað af tilbúnum áburði og þess vegna er uppskeran mjög mikil.



Barrskógar í Kanada eru uppspretta mikils og fjölbreytts iðnaðar og í Atlantshafi eru auðug fiskimið.

Í Alaska, Texas og í Mexíkóflóa er að finna olíulindir. Stórar olíuleiðslur eru þvert yfir Alaska, yfir fjallgarða, ár og land þar sem sífreri (alltaf frost) er í jörðu. Þegar leiðslan kemur að Alaskaflóa er olíunni dælt í skip sem flytja hana burtu.



Landbúnaður í Bandaríkjunum: Hveiti, korn, mjólkurframleiðsla, tóbak, bómull og sykurreyr.

Iðnaður

Iðnaður hefur lengi verið mikilvæg atvinnugrein í Norður-Ameríku. Þar má t.d. nefna bílaiðnað og á síðari árum ýmsan hátækniiðnað sem tengist t.d. tölvuframleiðslu. Frá Ameríku hafa komið mörg af þekktustu vörumerkjum heims, t.d. Coca-Cola, Nike, McDonalds, Ford, Chervrolet, Chrysler o.fl.

Enn koma fram ný vörumerki frá Ameríku sem allir þekkja, t.d. Apple!



Tónlist

Hvergi er gefið út jafn mikið af tónlist og í Ameríku. Þangað hefur flutt fólk alls staðar að úr heiminum og haft með sér ólíkar hefðir í tónlist. Í Ameríku hafa þær blandast saman á ýmsan hátt svo úr verða ýmsar stefnur eins og sveitatónlist (country music), jazz, rokk, blues, disco, rapp, hipp-hopp o.fl.



Tónlistarmenn sem margir þekkja eru t.d. Elvis Presley, Bob Dylan, Louis Armstrong, Michael Jackson, Prince, Madonna o.fl.

Frumbyggjar Norður-Ameríku

Inúítar


Nyrst í álfunni búa inúítar á köldum heimskautasvæðum. Enn í dag lifa inúítar aðallega á því sem náttúran gefur; fiski, sel, hval og hreindýrum.

Áður ferðuðust inúítar mest á hundasleðum og kajökum en núna nota þeir líka nýtískubúnað, eins og vélsleða, riffla o.fl.



Indíánar

Indíánar bjuggu um alla álfuna. Þeir skiptust í marga ættbálka og töluðu hundruð tungumála. Þeir voru aðallega veiðimenn og safnarar og lifðu í litlum samfélögum. Þegar landnemar frá Evrópu flyktust til Ameríku upp úr 1850 fóru þeir að leggja járnbraut frá austri til vesturs yfir alla álfuna. Þá var mörgum samfélögum indíána útrýmt. Sumar indíánapjóðir dóu alveg út en þær sem lifðu af eru nú að reyna að halda í tungumál sitt og menningu.



Nýi heimurinn – Ameríka!

Allt frá landafundunum og landtöku Evrópuþjóða í Norður-Ameríku í lok 15. aldar streymdi fólk frá Evrópu og víðar til nýja heimsins – Ameríku!

Allir vonuðust eftir því að fá tækifæri til betra lífs og að upplifa „ameríska drauminn“. Næstu árhundruð fækkaði frumbyggjum Ameríku mjög mikið en innflytjendur streymdu yfir álfuna, lögðu vegi og járnbrautir og byggðu upp iðnað og landbúnað.



Vestur-Íslendingar

Á árunum frá 1880-1914 fluttu um 15.000 Íslendingar til Vesturheims og settust þar að.

Á þessum árum var mikil fátækt á Íslandi. Vinnukonur og vinnumenn í sveitum gátu ekki keypt sér jarðir og farið að búa og voru þess vegna ekki frjáls.

Náttúran var líka erfið, bæði kuldar, hafís og eldgos og margir vildu leita að betra lífi.

Flestir Íslendingar settust að í Kanada. Þar fengu þeir stórt landsvæði á bökkum Winnipegvatns og kölluðu það Nýja-Ísland. Vestur-Íslendingar héldu fast í uppruna sinn, töluðu íslensku sín á milli, flögguðu íslenska fánanum, héldu 17. júní, þjóðhátíðardag Íslands, hátíðlegan o.s.frv. Enn í dag eru sterkar rætur Vestur-Íslendinga „heim“ til Íslands og enn er íslenskan á lífi í sumum fjölskyldum.

Þrælastríðið

Frá stofnun Bandaríkjanna árið 1776 og fram til 1860 þróuðust tvö ólík samfélög innan Bandaríkjanna. Í norðurhlutanum var áhersla á iðnað og þar var frelsi í viðskipta-og efnahagsmálum.

Í suðurhlutanum var áhersla á landbúnað, t.d. bómullar, sykur og tóbaksrækt. Suðurríkjamenn fluttu þræla frá Afríku til að vinna á ökrunum og þeir bjuggu við léleg kjör.

Í norðurríkjunum var fólk á móti þrælahaldi og á endanum braust út stríð á milli norður og suðurríkjanna um þrælahald. Norðurríkin sigruðu í stríðinu og þrælahald var lagt niður í Bandaríkjunum árið 1865.



Þrælar á bómullarakri




Bómullarvinnsla með vélum

Fjölmeningarsamfélag

Bandaríkin eru oft notuð sem dæmi um fjölmeningarsamfélag. Þangað flutti fólk frá öllum heimsálfum, með ólíkan bakgrunn og menningu og þar er nokkurs konar suðupottur þar sem hægt er að sjá dæmi um ólíkar menningarhefðir ólíkra hópa sem þrífast og búa saman.



Bandaríki Norður-Ameríku



Bandaríkin eru sambandsríki 50 ríkja. Hvert þeirra hefur sín eigin lög í ákveðnum málaflokkum og dæmir eftir þeim. Lögin mega þó ekki stangast á við stjórnarskrá Bandaríkjanna. Undir alríkisstjórn Bandaríkjanna eru mál eins og utanríkismál, hernaðarmál og peningamál sem öll ríkin þurfa að samþykkja og fara eftir.



Fáni Bandaríkjanna

Í fyrsta fána Bandaríkjanna 1777 voru 13 láréttar línur og 13 stjörnur sem táknaðu þau 13 ríki sem þá voru innan Bandaríkjanna.

Síðan hefur fánanum oft verið breytt, með því að fjölga stjörnunum sem eru alltaf jafn margar og ríki Bandaríkjanna. Láréttu línurnar eru alltaf 13 og minna á að í upphafi voru ríkin 13 að tölu. Núna eru ríkin 50 og þess vegna eru 50 stjörnur í fánanum.

Frelsisstytan í New York

Frelsisstytan (The Statue of Liberty) í New York er eitt þekktasta tákn Bandaríkjanna. Hún stendur á Liberty-eyju við innsiglinguna í New York og býður ferðamenn, innflytjendur og Bandaríkjamenn á heimleið velkomna. Frelsisstytan hefur því verið tákn vona, frelsis og tækifæra fyrir marga sem sigla inn í höfnina í fyrsta sinn.

Frakkar gáfu Bandaríkjamönnum styttuna árið 1886 í tilefni aldarafmælis Bandaríkjanna.




Hvíta húsið



Hvíta húsið í Washington var tekið í notkun árið 1800 og hefur síðan verið opinbert aðsetur forseta Bandaríkjanna.

Georg Washington var fyrsti forseti Bandaríkjanna en Barack Obama er sá fertugasti og fjórði (44.) í röðinni. Obama er fyrsti þeldökki forseti Bandaríkjanna og hann á rætur að rekja til Afríku en fæddist í Honolulu á Hawaii-eyjum.


Í nóvember 2016 eru forsetakosningar í Bandaríkjunum og þá lætur Barack Obama af embætti og nýr forseti tekur við í janúar 2017. Núna er Hillary Clinton í framboði og hún er fyrsta konan sem býður sig fram til forseta Bandaríkjanna. Áður var maðurinn hennar, Bill Clinton, forseti frá 1993-2001.



Hillary Clinton

Ríki Mið-Ameríku

Ríki Mið-Ameríku tengja saman Norður-Ameríku og Suður-Ameríku. Þessi lönd eru þó oft talin til Norður-Ameríku.



Skoðaðu landakort eða farðu á netið: [central america, images](#) og finndu nöfnin á löndum Mið-Ameríku.

Arabíska:

1 _____ 2 _____

3 _____ 4 _____

5 _____ 6 _____

7 _____

Um Mið-Ameríku

Lönd Mið-Ameríku voru lengi spænskar nýlendur, öll nema Belis sem var bresk nýlenda. Þess vegna er spænska opinbert tungumál í öllum löndum nema Belís en þar er töluð enska. Áhrifa frá Spáni gætit víðar, t.d. í trúmálum en flestir íbúar eru kapólskrar trúar.

Í löndum Mið-Ameríku hefur oft verið mikil ókyrrð og innanlandsátök og þar er víða mikil misskipting auðæfa og lands. Í Kostaríka hefur gengið best að halda friði og þar er velmegun mest.

Atvinnulíf Mið-Ameríku er aðallega landbúnaður. Um helmingur af framleiðslunni er fluttur út. Meðal útflutningsvara má nefna kaffi, banana, sykur, kakó, bómull og tóbak.



Karabíska hafið (Karíbahaf) og eyjarnar þar

Skoðaðu kortið af karabíska hafinu. Finndu nafn á þeim ríkjum sem eru á karabísku eyjunum:

Ara....

1. _____ 2. _____

3. _____ 4. _____

5. _____

Eyjarnar í Karíbahafi eru frægar fyrir náttúrufegurð, veðursæld, kóralrif og dýralíf. Þangað fara margir ferðamenn og ferðaþjónusta er mikilvæg atvinnugrein.

Landbúnaður er einnig mjög mikilvæg atvinnugrein og reynt er að rækta allt land fyrir útflutningssafurðir.

Seinni hluta sumars og á haustin skella miklir hitabeltisstormar á Karíbaeyjum og þeir ná oft vindhraða fellibyls. Þessir stormar geta valdið miklu tjóni.



Suður-Ameríka

Skoðaðu landafræðibókina eða netið. Hvað heita lönd Suður-Ameríku?



1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____


Spánverjar og Portúgalar komu frá Evrópu til Suður-Ameríku og réðu lengi yfir flestum löndum hennar. Þess vegna er töluð spænska í nær öllum löndum Suður-Ameríku og portúgalska í Brasilíu. Opinber trú er kaþólska.

Á 20. öld fluttu mjög margir úr sveitum og í borgir. Þá urðu til stór fátækrahverfi og margir búa við mikla fátækt í borgunum. Þar eru mörg götubörn og glæpir eru algengir.

Suður-Ameríka býr þó líka yfir gleði og krafti. Þar er knattspyrna mikið stunduð og Brasilía hefur oft orðið heimsmeistari í fótbolta. Þaðan eru líka margir frægir fótboltamenn, t.d. Pelé.

Kjötkveðjuhátiðin í Ríó de Janeiro er mjög fræg. Hátiðin stendur í 6 daga og þá dansa allir samba, dag og nótt ☺ Margir ferðamenn koma til að fylgjast með þessari miklu skemmtun.

Í Argentínu er líka runninn upp fræg dans og tónlistarstefna, argentínski tangóinn.



Pelé



Kjötkveðjuhátið í Ríó



Tangó

Landslag í Suður-Ameríku

Amazon fljót (fljót = á = river) er langstærsta fljót í Suður-Ameríku. Það rennur langa leið þangað til það fellur til sjávar í Atlantshaf. Amazon er í hitabeltinu þar sem er regnskógur, heitt og mikil úrkoma. Rgnskógur Amazon er talinn vera elsti skógur í heiminum.


Amazon er næstum eins langt og Níl, sem er lengsta fljót í heimi en það er mikið meira vatnsmagn í Amazon. Það er hægt að fara með skipum frá ströndinni og langt inn í frumskóginn.



Galapagoseyjar tilheyra Ekvador og eru í Kyrrahafi. Eyjarnar eru frægar fyrir fjölbreytt dýra- og plöntulíf. Á You Tube er hægt að horfa á margar myndir um sjaldgæf og falleg dýr sem lifa á Galapagoseyjum.



Hæsti (hár, hærri, hæstur = high /highest) foss í heimi er í Suður-Ameríku. Hann heitir „Englafoss“ (Angel waterfall) og er í Venesúela.



Andesfjöll

Löndin á vesturströndinni sem Andesfjöllin ná yfir eru fátæk lönd. Þar er mikill landbúnaður, t.d. kartöflu – og maisrækt. Í löndum Andesfjalla, Kolumbíu, Perú og Bolívíu hefur einnig verið mikið ræktað af eiturfjögum úr kókaplöntunni.



Landbúnaður og fiskveiðar

Mörg lönd Suður-Ameríku eru þekkt fyrir mikinn útflutning kaffibauna. Það eru t.d. Brasilía og Kolumbía.

Á sama hátt er Argentína fræg fyrir mikla kjötframleiðslu og þaðan er t.d. flutt mikið af nautakjöti.

Alpaka rækt er einnig algeng í löndum Suður-Ameríku en alpakaull er fræg fyrir gæði og er mjög eftirsótt. Alpakadýrin eru skyld lamadýrum og ekki ólík þeim.

Margar fæðutegundir sem nú eru ræktaðar um allan heim eru upprunnar í Suður-Ameríku. Það eru t.d. kartöflur, tómatar og grasker.

Í sjónum við vesturströnd Suður-Ameríku, Kyrrahafinu, eru mjög góð fiskimið. Ansjósar eru mikið veiddar við strendur Perú og sardínur við Chile. Perú er ein af stærri fiskveiðipjóðum í heimi.



Eyjaálfa /Ástralía

Eyjaálfa er minnsta, láglendasta og fámennasta heimsálfan. Hún nær þó yfir fjölda eyja sem eru taldar vera á bilinu 20 – 30 þúsund. Flestar þeirra eru mjög litlar og þar eru samfélögin oft fámenn og einangruð.

Ástralía er langstærsta ríkið innan Eyjaálfu. Stórir eyjaklasar eru t.d. Melanesía, Polynesía og Mikrónesia. Stórar eyjar eru t.d. Nýja-Sjáland og Nýja-Gínea.




Náttúrufar

Meira en 40% af Ástralíu er eyðimörk, aðallega í vestur og miðhluta landsins. Þar fer hitinn upp í 50°C. Sú litla úrkoma sem fellur, gufar fljótt upp í hitanum og nýtist gróðri því illa.

Ástralía er ófrjósamasta heimsálfan og 70% hennar eru nær óbyggð. Þó má finna gróðursæla staði, t.d. eru hitabeltisregnskógar nyrst í Ástralíu og á Nýju-Gíneu.

Í suð-austur hluta Ástralíu eru miklar grassléttur og þar eru helstu landbúnaðarsvæðin. Þar er stunduð akuryrkja og kvikfjárrækt. Mikið er um sauðfjárrækt (kindur) og nautgriparrækt í Ástralíu. Mikið er flutt út af kjöti, ull og mjólkurvörum. Þar er einnig mikil framleiðsla á vínberjum (vínframleiðsla) og sítrusávöxtum.



Ólíkar þjóðir

Íbúar Eyjaálfu eru mjög mismunandi eftir því hvar þeir búa. Lang flestir búa í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi og eru þeir flestir komnir af Evrópumönnum og tala ensku. Þessi ríki eru auðug (rík) og lífskjör eru svipuð og á Vesturlöndum.

Ástralía er eina ríki heims sem nær yfir heilt meginland. Það er í breska heimsveldinu og þjóðhöfðingi Bretlands er líka þjóðhöfðingi Ástralíu. Núna er það Elísabet II drottning.




Canberra er höfuðborg Ástralíu en Sydney er fjölmennasta borgin. Óperuhúsið í Sydney er fræg bygging og vinsæll staður meðal ferðamanna. Nú er Ástralía fjölmenningsamfélag og þangað hefur flust fjöldi fólks frá öllum heimsálfum



Á Kyrrahafseyjunum eru lífskjör allt önnur. Þar búa miklu fleiri þjóðir og þar eru töluð um 2000 tungumál.

Árið 1788 settust fyrstu landnemarnir að í Ástralíu. Það voru Bretar sem stofnuðu fanganýlendu þar sem borgin Sydney er núna. Þegar landnemarnir komu buðu frumbyggjarnir þá velkomna. Smám saman hröktu landnemarnir þá í burtu eða inn í eyðimerkurnar þar sem erfitt var að búa. Frumbyggjum fækkaði mjög mikið eða um allt að 90%. Nýlega hefur þeim farið að fjölga aftur og menning þeirra nýtur nú aukinnar virðingar og þeir hafa fengið hluta af landi sínu til baka.



Flugsamgöngur eru mjög þróaðar í Ástralíu og fluglæknþjónusta tengir strjálbyggða staði við sjúkrahús og þéttbýli (royal flying doctor service).



Dýralíf

Dýralíf í Ástralíu og Nýju-Gíneu er mjög ólíkt öðrum nærliggjandi löndum og álfum, enda hefur Eyjaálfa verið mjög einangruð.

Meðal sérstakra dýrategunda í Ástralíu eru **nefdýr** og **pokadýr**. Pokadýr bera ungana sína í poka á kviðnum. Það eru t.d. kengúrur og pokabirnir eða kólabirnir.

Nefdýrin, breiðnefur og mjónefur eru spendýr sem verpa eggjum. Breiðnefur hefur líka gogg og sundfit.



Satt (S) eða ósatt (Ó) um landafræði

Galapagos-eyjar eru fyrir vestan Suður-Ameríku. _____

Höfuðborg Chile heitir Santíagó. _____

Brasília liggur að Kyrrahafi. _____

Fellibylur þýðir að einhvers staðar er mjög kalt _____

Í eyðimörk eru mörg tré og blóm _____

Sahara er eyðimörk í Afríku _____

Höfuðborg Danmerkur heitir Kaupmannahöfn _____

Nelson Mandela átti heima í Evrópu _____

Íslendingar fluttu til Kanada af því að það var of heitt á Íslandi _____

Í Mið-Ameríku ræktar fólk kaffi, kakó, sykur og banana _____

Það er mest töluð enska í Suður-Ameríku _____

Frelsisstyttn er í New-York _____

Af alpakadýrum fáum við ull _____

Grænlingar veiða seli _____

Kúba og Jamaika eru eyjar í Karíbahafi _____

Sydney er fjölmennasta borg í Ástralíu _____

Landafræði er skemmtileg _____

Orðalisti – samfélagsfræði Íslenska - arabíska

Um víða veröld. Höf:Hilmar Egill Sveinbjörnsson, Námsgagnastofnun:2012

A

Aðskilnaðarstefna (77)

Akuryrkja (10, 13, 31, 32,44, 129,,,,,)

Andrúmsloft (119)

Andstæður (42)

Atvinnugrein (104...)

Atvinnuhættir (7)

Auðlind (4, 5, ...)

B

Barrskógar (9-10)

Borgarvæðing (16, 124)

D

Dalur(70)

Demantar (66)

Dýralíf (99)

E

Efnahagur (42)

Eldfjall (111)

Eldgos (111)

Erfðastétt (49)

Eyðimörk (9...)

Eyðing skóga (119)

Eyjar (40)

F

Farandverkamaður (76)

Fátækt (42)
Fellibylur (94, 102, 107,142)
Fiskeldi (46, 117, 158, 162)
Fiskimið (94)
Fiskistofn (5)
Fiskveiðar
Fiskveiðilögsaga (156, 162)
Fjallgarður (39,98)
Fjölmennig (23, 97, 138)
Fljót / á (39)
Fornleifafræðingur (!)
Foss (111)
Frelsisstríð Bandaríkjanna (80,96, 107)
Friðlýsa (75)
Frjósamur (70)
Frumbyggjar (126,141)
Fæðingartíðni (15,17)

G

Grafhýsi (71)
Gróðurbelti
Gróðurfur (41)
Gull (73)
Gúmmí (hrágúmmí) (115)

H

Hafstraumur (75)
Hálendi (50, 51, 61,66, 126 ...)
Heilbrigðiskerfi (104)
Heilsugæsla (42)
Heimsálfa (29,39...)
Heimskaut (91,155,161)
Heimskautaloftslag (30, 41)
Heimsstyrjöld (74)

Hernaður (67)

Hitabeltisloftslag (123)

Hitabeltisregnskógur (9-10)

Hjarðbúskapur

Hráefni (9, 43, 45, 64, 96...)

Hvirfilbylur

I-Í

Iðnaður (32, 64)

Iðnbylting (13, 16, 34,35)

Innflutningur

Innflytjendur (128)

J

Jafnrétti (18, 24, 25)

Jarðskjálfti (55, 57, 93, 95...)

Jarðskorpufleki (39, 95, 98)

Jarðvegur (4)

Jarðyrkja (7, 10)

K

Kjarnorka (146)

Kol (5, 31)

Kóralrif (102, 136)

Kvikfjárrækt (7, 10, 31, 32, 44, 51, 64, 76...)

L

Landamæri (29)

Landbúnaður (32, 64)

Landhelgi (156, 159, 162)

Landnemar (90, 91, 126, 138...)

Landslag (39)

Láglendi 136)

Laufskógar (9-10)

Lífskjör (20)

loftslag (7)

Loftslagsbelti (30, 34, 41,46, 85)

M

Mannfjöldi (12-15,17,77,147)

Mannréttindi (5, 18, 19, 24, 25, 76)

Mannvistarlandafræði (4)

Mansal (18)

Málmar 66)

Meginland (142...)

Meginlandsloftslag (30)

Menning (22)

Menningararfur (23, 4, 128, 129)

Menntun (42)

Miðbaugur (10, 61, 62, 68, 70, 78,112,113, 116,)

N

Náma / námugróftur (102, 120)

Náttúruauðlindir (7)

Náttúrufar (30)

Náttúrulandafræði (4)

Náttúruvernd (154)

Nýi heimurinn (106)

Nýlenda (67)

Nýlenduveldi (67)

O-Ó

Olíuiðnaður (45, 64)

P

Píramídi (71)

Plantekra (sykurplantekra) (103)

Plöntulíf (99)

R

Ríkidæmi / auður (42)

S

Sameinuðu þjóðirnar (18, 19, 24, 25, 32...)

Samgöngur (52)

Silfur (73)

Silkivegurinn (52)

Sjálfbærni (5, 11, 21, 76)

Sjálfstæði (73)

Sjálfspurftarbúskapur (64, 73)

Sjávarútvegur (31, 32, 44, 64, 88, 116)

Sjúkdómar (77)

Skattar (127)

Skógareyðing (48, 119)

Skógarhögg (119)

Stífla (54, 70)

Stjórnarfar (7, 8, 35, 52, 58, 67, 74)

Strandlengja / strönd (75, 112)

Strjálbýli (12, 16, 17, 42, 50...)

T

Trúarbrögð (7, 22, 24, 25, 46, 66, 67, 107)

Tungumál (22-25, 34, 35, 67-69...)

Tækniþekking (67)

U-Ú

Umhverfismál (4, 21, 145, 147)

Uppistöðulón (70)

úrkoma (48, 52)

útflutningur (100)

úthafsoftslag (30)

útrýmingarhætta (65)

V

Vatnsorka (5, 73)

Veiðimenn (126)

Verndarsvæði (64, 90, 138, 154)

Verndartollur (97, 123)

Virkjun(54)

Y

P

Þéttbýli (12, 16, 17, 32, 34, 39, 42,48...)

Þjóð (22)

Þjóðerni (18,22,24,25,77,91,137)

Þjóðernishreinsanir (18,25)

Þjóðgarður (65)

Þróunaraðstoð (19,76)

Þælastríðið (80, 97, 107)

Þæll (68)

Þungaiðnaður (32,45, 52, 89, 96)

Þurrtími (113)

Þúsaldarmarkmið (19, 24, 25)



Helga Hauksdóttir
Fræðslusvið Akureyrar